

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. október 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umboðsmann skuldara, 159. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á lögum nr. 100/2010 um umboðsmann skuldara m.a. um auknar heimildir embættisins til upplýsingaöflunar sem almennt varða hagsmuni skuldara og ný heimild til beitingu þvingunarúrræða með álagningu dagsekta ef upplýsingaskyldir aðilar standa ekki skil á umbeðnum upplýsingum.

Í 1. gr. frumvarpsins er í fyrsta lagi lagt til nýtt ákvæði þar sem fjallað er um heimildir embættis umboðsmanns skuldara um upplýsingasöfnun. Er um að ræða útvíkkun frá eldra ákvæði og er nú gert ráð fyrir að embættið geti safnað almennum upplýsingum um skuldara í stað þess að einungis sé gert ráð fyrir að það geti safnað upplýsingum um tiltekinn skuldara að fengu leyfi. Í athugasemdum með lögum um stofnun embættisins var tilgangi þess lýst svo: „...lagt til að stofnað verði sérstakt embætti umboðsmanns skuldara sem hefur það hlutverk að veita einstaklingum endurgjaldslausu aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til úrlausnar þeim. Með sérstöku embætti umboðsmanns skuldara verður aðstoð við þá einstaklinga sem lent hafa í verulegum greiðsluferfiðleikum í skýrara formi en verið hefur. Umboðsmanni skuldara er ætlað að hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna, fara með framkvæmd greiðsluáðlögunar, taka við erindum skuldara, gæta hagsmuna þeirra og bregðast við ef gengið er á réttindi þeirra. Einnig á hann að veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna.“

Var þannig ekki gert ráð fyrir að embætti umboðsmanns skuldara stæði að almennri upplýsingaöflun en slík heimild myndi að auki fela í sér skörun við nýfengnar heimildir Hagstofunnar til víðtækrar gagnaöflunar um skuldir og eignir heimila í því skyni að greina fjárhagsstöðu heimila. Var útvíkkun heimilda Hagstofunnar umdeild og lagabreytingunni fylgdi því sérstakt ákvæði um að brot starfsmanna Hagstofunnar á þagnarskyldu vegna slíkra upplýsinga sem varða bankaleynd varði allt að tveggja ára fangelsisrefsingu. Telja samtökin því umrædda tillögu leiða til tvíverknaðar í stjórnsýslunni. Það er ekki í samræmi við fyrirheit í aðgerðaráætlun ríkistjórnarinnar um að nauðsynlegt sé að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og stefnt að einfaldara og skilvirkara regluverki. Þarf að huga vel að því að leggja ekki meiri byrðar á fyrirtæki í landinu en nauðsyn krefur.

Embætti umboðsmanns skuldara er fjármagnað af lánastofnunum með sérstöku gjaldi sem tekur mið af rekstraráætlun embættisins og greiða lánastofnanir gjaldið í hlutfalli við umfang útlánastarfsemi. Hafa sértekjur embættisins að jafnaði verið umfram rekstrargjöld þess. Vegna aukinna umsvifa á útlánamarkaði síðastliðin ár hafa tekjurnar aukist þrátt fyrir að málum sem berist embættinu hafi fækkað. Kemur þannig fram á heimasíðu umboðsmanns skuldara kemur að frá því embættið tók til starfa þann 1. ágúst árið 2010 hafi því borist rúmlega 12 þúsund mál. Flest hafi þau verið á árinu 2011, um 4.000 talsins, en fyrstu sex mánuði ársins 2014 hafi

málafjöldinn verið rétt rúmlega eitt þúsund sem er talsverður samdráttur. Sérstök gjöld sem lögð eru á fyrirtæki til að fjármagna opinberar stofnanir eiga einungis að standa undir lögbundinni nauðsynlegri starfsemi. Sé gjaldtaka umfram rekstrarkostnað og jafnvel fyrirséð að umfang verkefna sé að dragast saman á að draga úr gjaldtökunni til samræmis en ekki að finna stofnuninni ný verkefni.

Þá er í frumvarpinu einnig að finna nýtt ákvæði um að embætti umboðsmanns skuldara verði veitt heimild til að leggja á þvingunarúrræði í formi dagsekta ef upplýsingaskyldir aðilar standi ekki skil á umbeðnum upplýsingum innan þeirra tímamarka sem embættið ákveður. Kemur hverfi fram í athugasemdum með frumvarpinu að illa hafi gengið að afla upplýsinga á þeim 4 árum sem embættið hefur starfað eða að upplýsingaskyldir aðilar hafi vanrækt skyldu sína til að svara erindum embættisins. Er lagt til að dagsektir geti numið frá 10.000 kr. til 1. millj. kr. fyrir hvern dag. Eru þetta sömu fjárhæðir dagsekta og er að finna í ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, þ.e. sömu fjárhæðir og Fjármálaeftirlitið getur lagt á fjármálastofnanir. Hér er hinsvegar um að ræða heimild til upplýsingaöflunar sem beinist að hvaða stofnun, fyrirtæki eða samtökum sem er. Kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að við samningu þess hafi verið höfð til hliðsjónar ákvæði um dagsektir í öðrum lögum og er þar, auk fyrirnefndra laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, vísað í lög nr. 87/1998 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samtökunum þykir rétt að fram komi að hámarksfjárhæð dagsekta í síðarnefndum lögum er kr. 50.000 en þau ákvæði beinast jafnframt almennt að hvaða stofnun, fyrirtæki eða samtökum sem er og eru því mun nærtækari viðmiðun. Er hér enn og aftur verið að auka á íþyngjandi regluverk sem fyrirtæki í landinu eru ofurseld án þess að meðalhófs sé gætt og er í beinni andstöðu við fyrirheit stjórnvalda til íslensks atvinnulífs.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Borghildur Halldórsdóttir*